



## Banaslys 18. desember 2009

Hafnarfjarðarvegur við Arnarnesbrú

Framanákeyrsla

Látnir: 62 ára karlmaður, 59 ára karlmaður,  
34 ára karlmaður

### Lýsing á slysi

Slysið varð á Hafnarfjarðarvegi við Arnarnesbrú. Ökumaður Suzuki bifreiðar sem ók suður veginn missti stjórn á ökutæki sínu og hafnaði framan á Benz leigubifreið sem ekið var norður Hafnarfjarðarveg. Þrír fórust í slysinu, báðir ökumenn bifreiðanna og farþegi í framsæti leigubifreiðarinnar. Farþegi í leigubifreiðinni og ökumaður Suzuki bifreiðarinnar notuðu bílbelti en ökumaður leigubifreiðarinnar ekki.

Rannsókn leiddi í ljós að ökumaður Suzuki bifreiðarinnar missti stjórn á henni og fór bifreiðin í geil/lægð sem aðskilur umferð úr gagnstæðum áttum (sjá yfirlitsmynd). Síðan tókst hún á loft og hentist upp á norðurakrein Hafnarfjarðarveg. Lenti Suzuki bifreiðin ofaná framenda og þaki Benz bifreiðarinnar.



Yfirlitsmynd yfir vettvanginn

### **Veður:**

Skýjað.  
Hiti við frostmark.  
Engin ofankoma.

### **Vegur:**

Hált yfirbor.ð  
Bundið slitlag.  
Hámarkshraði 80  
km/klst.  
Meðaltals umferð á  
sólahring um 38.000  
ökutæki.

### **Tími sólarhrings:**

Morgunn.

### **Ökutæki:**

Suzuki Grand Vitara  
jepplingur.

Mercedes Benz  
leigubifreið.

Þegar slysið varð var hiti við frostmark og hálsa í köntum vegarins. Rökkur var en vegurinn er upplýstur. Tvær akreinar eru fyrir umferð í suður og tvær fyrir umferð í norður. Grasgeil aðskilur umferð úr gagnstæðum áttum en ekkert vegrið er á þeim stað sem slysið varð.

Hámarkshraði á slyssað er 80 km/klst. og samkvæmt framburði vitna var hraði ökutækjanna ekki óeðlilegur. Þó er sennilegt að þegar ökumaður Suzuki bifreiðarinnar missti stjórn á henni, hafi hann aukið hraðann. Hraðaútreikningar sem framkvæmdir voru benda til þess að við áreksturinn hafi ökuhraði Suzuki bifreiðarinnar verið um 100 km/klst.

Bifreiðarnar voru skoðaðar af bíltæknisérfræðingi. Ákoma á Suzuki bifreiðinni var mest á vinstri hlið en þar var djúp aflögun við dyrastaf eftir áreksturinn. Bifreiðin var búin ónegldum dekkjum og var nokkur tjara á þeim. Loftþúði í stýri blés ekki út við áreksturinn þar sem ákoma var ekki á framenda.

Ákoma á Benz leigubifreiðina var mest á framrúðu og þaki þar sem Suzuki bifreiðin hafnaði. Bifreiðin var búin nýlegum negldum vetrardekkjum. Loftþúðar blésu ekki út.

Rannsókn á ökutækjum leiddi í ljós að meginorsök slyssins verður ekki rakin til ástands ökutækja.

Niðurstöður áfengis- og lyfjamælinga voru neikvæðar. Krufning ökumanns Suzuki bifreiðarinnar leiddi í ljós að hann fékk blóðtappa. Sennilegast er að hann hafi misst meðvitund og í kjölfar þess ekið yfir á öfugan vegarhelming.

## **Orsakagreining**

- Veikindi ökumanns Suzuki bifreiðarinnar ollu því að bifreiðin rann stjórnlaus yfir á veginn fyrir umferð úr gagnstæðri átt.
- Ekki er vegrið sem aðskilur umferð úr gagnstæðum áttum sem stöðvað gat bifreiðina við þessar aðstæður.

## **Tillaga í öryggisátt**

### **Vegrið**

Á slyssað er Hafnarfjarðarvegur fjögurra akreina og er geil í miðju sem aðskilur akstursstefnur. Hámarkshraði á veginum er 80 km/klst og er árdagsumferð um 38 þúsund ökutæki. Að mati Rannsóknarnefndar umferðarslysa er afar brýnt að vegrið verði sett upp á þessum veghluta til að hindra frekari slys af því tagi sem hér um ræðir. Gildir ábendingin einnig um aðra vegkafla þar sem aðstæður eru sambærilegar. Í þessu samhengi er vert að nefna að árið 2008 rannsakaði RNU slys þar sem ökumaður ók yfir graseyju sem aðskilur umferð úr gagnstæðum áttum á Reykjanesbraut við Garðheima. Varð þar mjög hörð framanákeyrsla. Þá bendir RNU sérstaklega á að í slysinu á Hafnarfjarðarvegi 18. desember

tókst Suzuki bifreiðin á loft og fór uppá framenda Benz bifreiðarinnar. Hallinn í geilinni sem þar er myndar stökkpall og er það sérstaklega varhugavert.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa hefur komið tillögunni á framfæri við Vegagerðina. Samkvæmt upplýsingum hennar er líklegt að framkvæmdir hefjist eftir mitt ár 2010.

**Reykjavík 22. júní 2010**  
**Rannsóknarnefnd umferðarslysa**